

# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

## Ársreikningur 2008

Sparisjóður Suður-Þingeyinga  
Kjarna  
650 Laugar

kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjárfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

---

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tap varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2008 að fjárhæð 126,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 345,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 13,4% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður á árinu 2009 vegna ársins 2008. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5,0%. Vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé sparisjóðsins nam 46,9 millj. kr. í árslok 2008 og er í eigu 255 stofnfjáraðila og átti enginn aðili yfir 5% eignarhlut í sparisjóðnum.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Laugum, 11. mars 2009.

Stjórn Sparisjóðs Suður Þingeyinga:

Ari Teitsson  
formaður

Margrét Hólm Valsdóttir

Þórhallur Hermannsson

Dagur Jóhannesson

Björn G. Yngvason

Guðmundur E. Lárusson  
Sparisjóðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Suður-Pingeyinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Pingeyinga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 11. mars 2009

**KPMG Endurskoðun Akureyri hf.**

Arnar Árnason

# Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
<b>Vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		120.932.098	30.090.301
Vaxtatekjur af útlánum .....		520.689.409	286.880.392
		<u>641.621.507</u>	<u>316.970.693</u>
<b>Vaxtagjöld</b>			
Vaxtagjöld til lánastofnana .....		5.107.233	2.449.734
Vaxtagjöld af innlánum .....		447.906.394	209.770.242
		<u>453.013.627</u>	<u>212.219.976</u>
<b>Hreinar vaxtatekjur</b> .....		188.607.880	104.750.717
Þjónustutekjur .....	4	37.395.512	36.270.280
Þjónustugjöld .....		( 7.101.518)	( 5.937.125)
<b>Hreinar þjónustutekjur</b> .....		30.293.994	30.333.155
(Gjöld) tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	5	( 234.872.386)	22.450.476
Gengishagnaður .....	5	20.048.019	2.950.888
Aðrar rekstrartekjur .....		3.323.693	2.244.187
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b> .....		( 211.500.674)	27.645.551
<b>Hreinar rekstrartekjur</b> .....		7.401.200	162.729.423
Laun og launatengd gjöld .....	6	59.165.462	56.411.675
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		75.075.330	66.112.516
Afskriftir .....	12	1.332.904	1.121.823
Framlag í afskriftarreikning útlána .....	10	38.462.047	15.010.037
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		( 166.634.543)	24.073.372
Tekjuskattur .....	8	39.838.258	( 4.070.533)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....	16	<u>( 126.796.285)</u>	<u>20.002.839</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
<b>Eignir</b>			
Sjóður .....		12.085.258	7.929.209
Kröfur á lánastofnanir .....	9	2.582.838.949	310.138.729
Útlán til viðskiptamanna .....	10	2.314.530.642	2.056.958.278
Fullnustueignir .....	10	75.964.915	49.000.000
Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum .....	11	72.719.524	65.096.078
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	11	114.191.974	167.600.776
Hlutir í hlutdeildarfélagum .....	11	9.835.760	184.551.026
Rekstrarfjármunir .....	12	41.315.639	42.648.543
Skatteign .....	14	193.739	0
Ýmsar eignir .....		1.306.944	1.089.570
Áfallnar tekjur .....		1.323.690	1.408.903
Eignir samtals		<u>5.226.307.034</u>	<u>2.886.421.112</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.226.307.034</u>	<u>2.886.421.112</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		46.867.995	6.410.815
Varasjóður .....		298.134.100	426.993.355
Eigið fé samtals	16	<u>345.002.095</u>	<u>433.404.170</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....		0	49.238.369
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		163.730.045	72.201.533
Óbundin innlán .....		2.944.168.460	1.360.642.140
Bundin innlán .....	15	1.699.214.380	934.538.485
Ýmsar skuldir .....		65.667.182	26.910.122
Áfallin gjöld .....		8.524.872	9.486.293
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>4.881.304.939</u>	<u>2.453.016.942</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>5.226.307.034</u>	<u>2.886.421.112</u>
<b>Utan efnahagsreiknings:</b>			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna .....	17		
Aðrar skuldbindingar .....	17		

# Eiginfjáryfirlit árið 2008

---

	<b>Stofnfé</b>	<b>Varasjóður</b>	<b>Samtals</b>
<b>Árið 2007</b>			
Eigið fé 1. janúar 2007 .....	5.260.292	408.557.943	413.818.235
Arðgreiðsla .....		( 558.598)	( 558.598)
Hagnaður ársins .....		20.002.839	20.002.839
Aukning stofnfjár .....	141.694		141.694
Endurmat stofnfjár .....	1.008.829	( 1.008.829)	0
Eigið fé 31. desember 2007 .....	<u>6.410.815</u>	<u>426.993.355</u>	<u>433.404.170</u>
<b>Árið 2008</b>			
Eigið fé 1. janúar 2008 .....	6.410.815	426.993.355	433.404.170
Arðgreiðsla .....		( 641.100)	( 641.100)
Tap ársins .....		( 126.796.285)	( 126.796.285)
Aukning stofnfjár .....	39.035.310		39.035.310
Endurmat stofnfjár .....	1.421.870	( 1.421.870)	0
Eigið fé 31. desember 2008 .....	<u>46.867.995</u>	<u>298.134.100</u>	<u>345.002.095</u>





# Skýringar

---

## 1. Félagið

Sparisjóður Suður-Pingeyinga er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru í Kjarna, 650 Laugum.

Hlutverk Sparisjóðs Suður-Pingeyinga er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaáferðum og árið áður.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaáferðir

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008.

### b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### c. Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

### d. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### e. Víkjandi kröfur

Sparisjóðurinn hefur tekið við skuldabréfum í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Krafa samkvæmt skuldabréfum þessum víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda. Krafan er færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok 2008 meðal krafna á lánastofnanir. Verðtryggðar kröfur eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009.

### f. Útlán

Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2008.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### f. Útlán frh.:

##### (i) Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

##### (ii) Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði, eða kostnaðarverði eftir því hvort er lægra, í ársreikning sparisjóðsins.

#### g. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldbréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

#### h. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseign .....	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar .....	5-10 ár

#### i. Skatteign/Tekjuskattsskuldbinding

Skatteign/tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri og í ársreikningi. Í árslok var reiknuð skattinneign hærri en tekjuskattsskuldbinding af efnahagsliðum og því er reiknuð skatteign færð til eignar.

#### j. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 2.568 millj. kr. í árslok 2008.

### 4. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur sundurliðast þannig:	2008	2007
Ábyrgðarþóknun .....	811	679
Aðrar þjónustutekjur .....	36.585	35.591
Samtals .....	37.396	36.270

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Aðrar rekstrartekjur

#### a. (Gjöld) tekjur af eignarhlutum

Gjöld og tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:	2008	2007
Fenginn arður .....	8.241	1.442
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....	( 65.737)	0
Hlutdeild í eignarhlutum sbr. skýring 11 .....	( 177.376)	21.008
Samtals .....	<u>( 234.872)</u>	<u>22.450</u>

#### b. Gengishagnaður

Gengishagnaður sundurliðast þannig:	2008	2007
Veltuhlutabréf .....	9.183	2.636
Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir .....	10.865	315
Samtals .....	<u>20.048</u>	<u>2.951</u>

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Laun .....	48.834	47.469
Önnur launatengd gjöld .....	10.331	8.943
Laun og launatengd gjöld greinast samtals .....	<u>59.165</u>	<u>56.412</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	12	12
Stöðugildi í árslok .....	11	11
Laun og þóknunir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig		
Sparisjóðsstjóri .....	9.616	9.404
Stjórnarformaður .....	670	570
Aðrir stjórnarmenn (4) .....	1.370	1.140
	<u>11.656</u>	<u>11.114</u>

Sparisjóðurinn hefur ekki veitt stjórnarmönnum lán en lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna eru ekki meðtalin.

### 7. Þóknun endurskoðenda

Þóknun endurskoðenda sundurliðast þannig:	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings .....	1.788	1.562
Könnun árshlutareiknings .....	814	650
Önnur þjónusta .....	2.198	1.360
Samtals .....	<u>4.800</u>	<u>3.572</u>

## Skýringar, frh.:

### 8. Skattar

Útleiðing á virku skatthlutfalli:	31.12.2008	31.12.2007
(Tap) hagnaður fyrir skatta .....	( 166.635)	24.073
Reiknaður tekjuskattur .....	15% ( 24.995)	18% 4.333
Bakfærð tekjuskattsskuldbinding af fjárfestingu á eignarhlutum í félögum .....	25% ( 41.868)	0% 0
Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli .....	5% ( 8.206)	0% 0
Aðrir liðir .....	-21% 35.231	0% ( 262)
	24% ( 39.838)	17% 4.071

Virkt tekjuskattshlutfall sjóðsins ársins 2008 nam 24% samanborið við 17% á árið 2007. Breyting á virku tekjuskattshlutfalli stafar að mestu leyti af tveimur þáttum:

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuld lækkað um 8,2 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin er færð á árinu 2008 til tekna í rekstrarreikningi.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila félögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningskil félagsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í félögum. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding lækkað um 41,9 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin var færð á árinu 2008 tekna í rekstrarreikningi.

### 9. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:	2008	2007
Gjaldkræfar kröfur .....	2.556.261	284.308
3 mánuðir og allt að 1 ár .....	80	69
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	4.088	2.701
Yfir 5 ár .....	1.160	1.811
Bundnar kröfur Sparisjóðabanka Íslands skv. reglum um bindiskyldu .....	21.250	21.250
Samtals .....	2.582.839	310.139

### 10. Útlán

#### a. Útlán til viðskiptamanna

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:	2008	2007
Yfirdráttarlán .....	420.043	490.902
Víxlar .....	1.806	239
Skuldabréf .....	1.892.682	1.565.817
Samtals .....	2.314.531	2.056.958

## Skýringar, frh.:

### 10. frh.:

#### b. Útlán eftir lántakendum

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:	2008	2007
Bæjar- og sveitarfélög .....	0,2%	0,4%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður .....	4,9%	4,7%
Sjávarútvegur .....	4,1%	2,9%
Verslun .....	2,8%	3,6%
Iðnaður og verktakar .....	8,0%	6,8%
Þjónusta .....	11,8%	13,9%
Einstaklingar .....	68,2%	67,6%
Annað .....	0,0%	0,1%
Samtals .....	100%	100%

#### c. Útlán eftir eftirstöðvatíma

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2008	2007
Gjaldkræf útlán .....	35.629	38.208
Allt að 3 mánuðir .....	392.961	449.153
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....	186.887	153.256
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	647.657	505.244
Yfir 5 ár .....	1.051.397	911.097
Samtals .....	2.314.531	2.056.958

#### d. Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu markaðsvirði eða kostnaðarverði því sem lægra reynist og nemur verðmæti þeirra 76,0 millj. kr. í árslok.

#### e. Óvaxtaberandi útlán

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok 2008 greinast þannig:	2008	2007
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	44.808	48.315
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	( 26.241)	( 48.315)
Önnur vaxtafryst útlán .....	27.071	52.408
Óvaxtaberandi lán samtals .....	45.638	52.408

#### f. Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftarreikningur		2008	2007
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftarreikningur útlána í ársbyrjun .....	48.315	41.567	89.882	81.378
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	10.271	28.191	38.462	15.010
Innkomið áður afskrifað .....	( 7.525)	( 1.764)	( 9.289)	( 6.506)
Endanlega töpuð útlán .....		640	640	0
Afskriftarreikningur útlána í árslok .....	51.061	68.634	119.695	89.882

Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum .....	2,0%	2,6%	4,6%	4,0%
---	------	------	------	------

## Skýringar, frh.:

### 11. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

#### a. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð 2008	Markaðsverð	Bókfært verð 2007
Veltuskuldabréf:				
Skráð í Kauphöll Íslands .....	33.344	33.344	35.933	35.933
Fjárfestingarskuldabréf				
Óskráð skuldabréf .....		39.376		29.163
Samtals .....		<u>72.720</u>		<u>65.096</u>

#### b. Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum

Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

	Nafnverð/ hlutir	Bókfært verð
Eignarhlutir í fjármálastofnunum og öðrum félögum greinast þannig:		
Saga Capital hf., Akureyri .....	35.000	38.500
VBS fjárfestingarbanki hf., Reykjavík .....	5.007	5.007
Sparisjóðurinn í Keflavík .....	23.155	24.134
FSP holding ehf., Reykjavík .....	19.059	23.824
Grand hótél Mývatn ehf., Skútustaðahreppi .....	14.000	7.000
SP-Fjármögnun hf., Reykjavík .....	3.762	5.944
Greiðslumiðlun hf., Reykjavík .....	1.576	2.328
Verðbréfabjónusta Sparisjóðanna hf., Reykjavík .....	1.257	0
Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík .....	795	3.332
Smárahúsið ehf., Kópavogi .....	190	1.499
Creditinfo Group hf., Reykjavík .....	288	1.214
Kjarni ehf., Laugum .....	1.000	1.000
Önnur félög .....	410	410
		<u>114.192</u>

#### c. Hlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Afkomu- hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutir í lánastofnunum:				
Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík .....	1,3% (	177.376)	14.854	0
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	1,3%	0	2.428	4.111
Teris, Reykjavík .....	1,1%	0	2.895	5.725
Hlutdeildarfélög alls .....		<u>( 177.376)</u>		<u>9.836</u>

### 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og tæki	Samtals
<b>Bókfært verð</b>			
Heildarverð 1.1.2008 .....	56.250	13.252	69.502
Afskrifað samtals 1.1.2008 .....	( 17.493)	( 9.360)	( 26.853)
Bókfært verð 1.1.2008 .....	38.757	3.892	42.649
Afskrifað á árinu .....	( 785)	( 548)	( 1.333)
Bókfært verð 31.12.2008 .....	<u>37.972</u>	<u>3.344</u>	<u>41.316</u>

## Skýringar, frh.:

### 12. frh.:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og tæki	Samtals
Heildarverð 31.12.2008 .....	56.250	13.252	69.502
Afskrifað samtals 2008 .....	( 18.278)	( 9.908)	( 28.186)
Bókfært verð 31.12.2008 .....	37.972	3.344	41.316
Afskriftarhlutföll .....	2%	10-20%	

#### Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2008 nam 29,5 millj. kr. og lóða 2,0 millj. kr. eða samtals 31,5 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 135,3 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar nam 29,9 millj. kr. í árslok.

### 13. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.781,2 millj. kr. í árslok 2008 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.633,7 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 193,4 millj. kr. í árslok 2008 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 164,6 millj. kr.

### 14. Skatteign / Tekjuskattsskuldbinding

Skatteign / Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2008	2007
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	( 49.238)	( 45.167)
Tekjuskattur til greiðslu .....	9.594	0
Tekjuskattur ársins .....	39.838	( 4.071)
Skatteign í árslok .....	194	( 49.238)
Skatteign sparisjóðsins skiptist þannig:		
Eignarhlutir í félögum .....	0	( 50.242)
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	194	305
Yfirfæranlegt tap .....	0	699
Skatteign í árslok .....	194	( 49.238)

### 15. Innlán

Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2008	2007
Allt að 3 mánuðir .....	287.635	397.130
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári .....	187.403	113.766
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	1.099.207	339.556
5 ár og síðar .....	124.969	84.086
Samtals .....	1.699.214	934.538

### 16. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2008 .....	6.410	426.994	433.404
Innborgað stofnfé .....	39.035		39.035
Tap ársins .....		( 126.796)	( 126.796)
Greiddur arður .....		( 641)	( 641)
Endurmat stofnfjár .....	1.423	( 1.423)	0
Eigið fé 31.12.2008 .....	46.868	298.134	345.002

## Skýringar, frh.:

---

### 16. Eigið fé, frh.

Eigið fé í árslok 2008 nemur 345,0 millj. kr. eða 6,5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 13,4%, en samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:	31.12.2008	30.6.2008
Heildar eigið fé .....	345.002	486.081
Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum .....	( 48.199)	( 228.216)
Eiginfjárgrunnur samtals .....	<u>296.803</u>	<u>257.865</u>
Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta .....	137.131	137.067
Markaðsáhætta .....	3.042	4.311
Rekstraráhætta .....	<u>27.541</u>	<u>2.541</u>
Eiginfjárfkrafa .....	<u>167.714</u>	<u>143.919</u>
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu .....	<u>129.089</u>	<u>113.946</u>
Eiginfjárlutfall .....	13,4%	12,2%

### 17. Skuldbindingar utan efnahags

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

	2008	2007
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	85.405	63.844
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	164.803	146.885

Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.